



LESTRAR- RÁÐ



Skólaskrifstofa
Austurlands

Unnið úr REDING
ROCKETShttp://www.rea
dingrockets.org/

Lestrarráð fyrir foreldra 4 - 5 ára barna



Leikið ykkur með bókstafina, orð og hljóð. Að leika sér með tungumálið hjálpar barninu við lestrarnámið.

Eftirfarandi ráð geta hjálpað barninu þínu að nálgast lesturinn á jákvæðan hátt.

Prófið nýtt verkefni í hverri viku og sjáið hvað barnið ræður við. Ef barnið er ekki tilbúið í ákveðið verkefni, geymið það, þar til þroski þess kemst á viðkomandi stig.

Talaðu við barnið

Spyrðu barnið hvernig dagurinn var í leikskólanum. Hvettu það til að útskýra og segja frá einhverju sem það upplifði eða þeim leikjum sem það lék sér í þann daginn.

Tungubrjótar og vísur

Syngið saman, lesið og finnið rím í bókum og farið með tungubrjóta. Það hjálpar barninu að átta sig á hljóðunum í orðum.

Lesið og tengið við upplifun barnsins

Tengið það sem þið lesið við upplifun barnsins. Ef lesin er saga um "hunda" fáið barnið til að segja frá eigin reynslu af hundum.

Tengið saman bókstaf og heiti hans - Notið nafn barnsins.

Bendið á tengingar milli bókstafs og hljóð hans. Dæmi: "Soffía! Orðið *sippa* byrjar á sama hljóði og nafnið þitt. *Soffía sippar*, orðin byrjar á sama bókstaf **S**."

Leikið með leikbrúður

Leikið með leikbrúður. Leikbrúðan segir "Ég heiti *Binni*. Hvaða orð rímar við nafnið mitt? Rímar *Tinni?*, rímar *inni?* rímar *bolti?*"

Skrifa og segja

Leyfðu barninu að skrifa hljóðið/bókstafinn (út í loftið) um leið og það segir það/hann. Skrifið líka á pappír, í sandinn, í sykurrinn eða finnið bókstafinn á lykllaborðinu.

Skrifa

Hafið góðan aðgang að pappír og skriffærum fyrir barnið. Skrifið saman orð eða eina/tvær setningar um eitthvað skemmtilegt. Hvetjið barnið til að nota bókstafina/hljóðin, sem það er að læra í leikskólanum.

Leikið með hljóðin- Hljóðtenging

Tengið hljóð saman í orð. Spyrjið "Veistu hvaða orð þetta er? *k-i-s-d*". Gætið þess að segja hljóðin ekki of hratt.

Lesið aftur og aftur

Lesið uppáhaldsbók barnsins eins oft og barnið vill. Gerið hlé á lestrinum og spyrjið barnið út í söguþráðinn, persónur, umhverfi, tíma sögunnar, forspá (hvað heldur þú að gerist næst), sögulok.

Talið um bókstafina og hljóð þeirra

Hjálpnið barninu við að læra nöfn bókstafanna og hvað hljóð þeir segja. "Ég er að hugsa um staf, hann segir *mmm*, Hvaða stafur er það? Já, það er **M**".

GANGI YKKUR VEL:)

